

Borgarstjórn Reykjavíkur
15. nóvember 2022

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að fjárhagsaðstoð hækki með vísitölu

Borgarstjórn ályktar að upphæð fjárhagsaðstoðar borgarinnar til einstaklinga og fjölskyldna skuli um hver áramót taka sjálfkrafa hækkun til samræmis við vísitölu, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Greinargerð

Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar er veitt þeim borgarbúum sem ekki geta séð sér og sínum farborða af ýmsum ástæðum, með það að markmiði að styðja fólk til sjálfshjálpar. Ljóst er að þessi hópur er í sérlega viðkvæmri stöðu gagnvart öllum verðhækkunum og jafnvel minnsta breyting getur raskað högum hans verulega.

Þótt borgaryfirvöld hafi í gegnum tíðina leitast við að láta upphæð fjárhagsaðstoðarinnar haldast í við þróun verðlags hefur það ekki verið látið gerast með sjálfvirkum hætti. Dæmi um slíkar vísitölutengingar fjárhæða eru þó ýmsar. Þannig eru leigufjárhæðir hjá Félagsbústöðum beintengdar við vísitölu og sama gildir um kjör borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa.